

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem varð til við sameiningu
Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 789/2000, skal vera Hörgárbyggð.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

21. desember 2000

Nr. 961

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 6.000

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 2.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er ráðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.

Flokkur	kr.
1	5.000
2	30.000
3	90.000
4	180.000
5	360.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.

	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	6.000
Þjónustubýli	3.000
Sumarbústaðir	1.500

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2001.

Sauðárkróki, 21. desember 2000.

Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um niðurfellingu á auglýsingu nr. 208 frá 23. mars 2000.

1. gr.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing nr. 208 frá 23. mars 2000, varðandi öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Kenýa og Tansaníu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. desember 2000.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórir Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

30 km hverfi á Oddeyri.

Ökuhraði má ekki vera meiri en 30 km/klst. innan við Glerárgötu og Hvannavelli að vestan, innan við Furuvelli að norðan, innan við Hjalteyrargötu að austan og innan við Strandgötu að norðan.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 19. desember 2000.

Björn Jósef Arnviðarson.